

Fréttabréf

Hörgárbyggðar

4. tbl., 8. árg., 29. mars 2008 Ábm.: Guðmundur Sigvaldason

Aðalskipulag Hörgárbyggðar

Kynningarfundur

Fyrir liggur tillaga að aðalskipulagi Hörgárbyggðar 2006-2026, sem m.a. hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og nágrannasveitarfélögunum.

Kynningarfundur um aðalskipulagstillöguna verður í Hlíðarbæ miðvikudaginn 2. apríl nk. kl. 20:00.

Þar munu skipulagsráðgjafar sveitarfélagsins fara yfir tillöguna og svara fyrirspurnum um aðalskipulagið.

Að loknum fundinum verður unnið úr athugasemdum og gengið frá lokatillögu.

Því næst mun sveitarstjórn óska eftir heimild Skipulagsstofnunar til að auglýsa aðalskipulagstillöguna. Á auglýsingatímanum gefst íbúum og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að gera formlegar athugasemdir við tillöguna.

Allir eru velkomnir á kynningarfundinn.

Veiðifélag Hörgár og vatnasvæðis hennar

Aðalfundur

verður haldinn í þelamerkurskóla
miðvikudaginn 9. apríl nk. kl. 20:30.

Auk venjulegrar aðalfundardagskrár mun Bjarni Jónsson, fiskifræðingur og deildarstjóri Norðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar, mæta á fundinn og fjalla um bleikjustofninn á Eyjafjarðarsvæðinu og áhrif malartöku úr ám á hann og lífríki ána.

Arðgreiðsluhafar eru hvattir til að mæta.
Stjórnin

Skrifstofa Hörgárbyggðar

Skrifstofan er opin að jafnaði frá 10:00 til 12:00 og 13:00 til 15:00 á virkum dögum, nema á föstudögum. Símatími er á sama tíma.

Sími: 461-5474, fax 461-5475. Netfang: horgarbyggd@horgarbyggd.is.

Veffang: www.horgarbyggd.is

Úrdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 113 19. mars 2008

Mætt voru: Árni Arnsteinsson, Birna Jóhannesdóttir, Guðný Fjóla Árnarsdóttir, Helgi Bjarni Steinsson, Jóhanna María Oddsdóttir ásamt Guðmundi Sigvaldasyni sveitarstjóra.

1. Aðalskipulag Hörgárbyggðar 2006-2026, kynning á tillögu

Lögd fram umsögn Skipulagsstofnunar um drögin, dags. 25. febr. 2008, og einnig fundargerð fundar um drögin í samráðshópi um skipulagsmál á sveitarfélagsmörkum Hörgárbyggðar og Akureyrarbæjar, sem haldinn var að beiðni skipulagsnefndar Akureyrarbæjar, 5. mars 2008. Unnið hefur verið að því að gera breytingar á greinargerðinni í samræmi við ábendingar Skipulagsstofnunar og fundargerðar samráðshópsins. Næsta skrefið í áttina að staðfestingu aðalskipulagsins er að halda kynningarfund um tillöguna fyrir íbúa sveitarfélagsins. Áætlað er að halda kynningarfundinn um aðalskipulagið í Hlíðarbæ miðvikudaginn 2. apríl nk. kl. 20:00.

2. Fundargerð stjórnar Íþróttamiðstöðvarinnar Pelamörk, 13. mars 2008

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

3. Fundargerð heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, 5. mars 2008

Fundargerðin er í fjórtán liðum, enginn þeirra varðar Hörgárbyggð. Fundargerðin afgreidd án athugasemda.

4. Fundargerðir héraðsráðs, 12. des. 2007 og 27. febr. 2008

Í fyrri fundargerðinni eru fjórir liðir og í þeir síðari eru sex liðir. Fundargerðirnar ræddar og afgreiddar án athugasemda

5. Skólaakstur 2008-2010, útboð

Lögd fram drög að útboðsgögnum fyrir útboð á skólaakstri í Pelamerkurskóla skólaárin 2008-2009 og 2009-2010. Framlögð útboðsgögn voru samþykkt. Samþykkt var að auglýsa útboðið 2. apríl og opna tilboðin 16. apríl, á undan reglulegum fundi sveitarstjórnar, svo hægt sé að ákveða sem fyrst við hverja verður samið um skólaakstur til næstu tveggja ára.

6. Malbikun 2008, útboð

Lögd fram drög að útboðsgögnum fyrir malbikunarverk ársins 2008. Einnig lagt fram minnisblað, dags. 17. mars 2008, um fyrirhugaðar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins. Framkvæmdir 2008 á vegum Hörgárbyggðar eru áætlaðar þessar helstar: Malbikun á Lækjarvöllum, leggja nýtt malbikslag yfir gamla klæðningu sunnan við Skógarhlíð 10, setja upp óson hreinsibúnað við rotþró á Lónsbakka, lagfæra umhverfi Birkihlíðar, gagngerðar endurbætur á anddyri og snyrtingum í Hlíðarbæ, fá RARIK til að setja upp götulýsingu við Lækjarvelli og endurbæta girðingu við Álfastein og aðkomu að eldhúsi. Framlögð útboðsgögn voru samþykkt einróma og ákveðið að malbikun verði boðin út í lokuðu útboði.

7. Vinnuskóli 2008, fyrirkomulag

Lagt fram minnisblað um fyrirkomulag vinnuskóla sumarið 2008. Samþykkt var að fara í áframhaldandi samvinnu við Arnarneshrepp um vinnuskólann og hann verði með líku sniði og undanfarandi ár. Ákveðið var að auglýsa eftir verkstjóra fyrir vinnuskólann.

8. Umhverfisátak 2008, fyrirkomulag

Lagt fram minnisblað, dags. 17. mars 2008, um fyrirkomulag á umhverfisátaki, sbr. tillögu skipulags- og umhverfisnefndar 12. nóv. 2007 um hreinsunarátak sumarið 2008 og með vísan til samþykktu í Staðardagskrá 21 fyrir Hörgárbyggð. Á minnisblaðinu er listi yfir verkefni í slíku umhverfisátaki, ásamt tíma-

setningum. Áætlað er að það hefjist með kynningu í apríl. Sveitarstjórn samþykkti að leggja fram kr. 600.000 vegna væntanlegs kostnaðar við verkefnið.

9. Viðhald ljósastaura, fyrirkomulag

Lögð fram tillaga að reglum um fyrirkomulag á uppsetningu og viðhald ljósa-
staura við heimreiðar, sbr. samþykkt sveitarstjórnar 20. febr. 2008, sjá 13. lið
fundargerðarinnar. Tillagan var samþykkt samhljóða og verður hún auglýst á
heimasíðu og í fréttabréfi Hörgárbyggðar.

10. Álfasteinn, umsókn um leikskóladvöl

Lögð fram umsókn um dvöl á Álfasteini fyrir barn utan sveitarfélagsins. Um-
sækjanda, sem er kennari við þelamerkurskóla, hefur verið gerð grein fyrir
kostnaði við dvöl barnsins. Akureyrarbær er tilbúin að greiða með barninu sem
svarar heimagæslu. Málinu vísað til framkvæmdanefndar ÞMS til afgreiðslu.

11. Álfasteinn, starfsmannahald

Lagt fram minnisblað um starfsmannahald á Álfasteini, þar sem m.a. er óskað
eftir heimild til að fjölga stöðugildum tímabundið um 1. Samþykkt var að bæta
við starfsmanni í fullt starf frá 1. maí til sumarlokunar leikskólans. Ákveðið var
að ráða Stellu Sverrisdóttur í 60% starfshlutfall í stöðu leikskólástjóra á meðan
leikskólástjóri er í barnsurðarleyfi í eitt ár.

12. Samningur um ráðgjafarþjónustu, endurnýjun

Lagður fram samningur milli Hörgárbyggð og Akureyrarbæjar um ráðgjafar-
þjónustu. Um er að ræða endurnýjun á samskonar samningi, dags 25. febr.
2005, sem rann út um síðastliðin áramót, með smá efnislegri breytingu sem
varða uppsagnarákvæði.

13. Fornhagi II, umsögn um umsókn um stofnun lögbýlis

Bréf, dags. 29. febr. 2008, frá Önnu Guðrúnu Grétarsdóttir, þar sem óskað er
umsgagnar um umsókn um að gera Fornhaga II að lögbýli. Erindið samþykkti
og sveitarstjóra falið að afgreiða málið.

14. Lánasjóður sveitarfélaga, kosning fulltrúa á aðalfund

Bréf, dags. 11. mars 2008, frá Lánasjóði sveitarfélaga þar sem vakin er athygli
á að kjósa þarf sérstaklega fulltrúa sveitarfélagsins á aðalfund sjóðsins, í stað
þess að landsþingsfulltrúi sé það sjálfkrafa, eins og hingað til hefur verið.
Einnig var lögð fram boðun á XXII. landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga, sem
verður haldið 4. apríl 2008 í Reykjavík. Samþykkt að sveitarstjóri fari með
umboð Hörgárbyggðar á aðalfundi sjóðsins.

15. Byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis, kosning varamanns

Að loknum síðustu sveitarstjórnarkosningum var Haukur Steindórsson kosinn
varamaður fyrir Hörgárbyggð í byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis, sbr. gr. 1.2.
í samningi sveitarfélaganna um rekstur byggingafulltrúaembættis Eyjafjarðar,
dags. 12. des. 2001, en Haukur er nú fluttur úr sveitarfélaginu. Samþykkt að
kjósa Stefán Lárus Karlsson sem varamann í byggingarnefndina.

16. Samband ísl. sveitarfélaga, skólamálastefna

Bréf ásamt fylgiskjólum, dags. 4. mars 2008, frá Sambandi ísl. sveitarfélaga,
þar sem gerð er grein fyrir skólamálastefnu sambandsins, sem stjórn þess
samþykkti á fundi sínum 22. febr. 2008. Lagt fram til kynningar.

17. RARIK, samráðsfundur

Bréf, dags. 12. mars 2008, frá RARIK, þar sem boðað er til samráðsfundar
með sveitarstjórnarmönnum á Norðurlandi. Fundurinn verður haldinn 11. apríl
nk. í Alþýðuhúsinu, Skipagötu 14 kl. 15:00. Sveitarstjórnarmenn eru hvattir til
að mæta á fundinn.

Framhald á næstu síðu

18. Hafnasamlag Norðurlands, fundur um norðaustur siglingaleiðina

Bréf, dags. 6. mars 2008, frá Hafnasamlagi Norðurlands, þar sem boðað er til fundar sveitarstjórnarmanna á Eyjafjarðarsvæðinu um norðaustur siglingaleiðina. Fundurinn verður haldinn 18. apríl nk. á Hótel KEA kl. 16:00. Sveitarstjórnarmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

19. Alþingi, umsögn um frumvörp

Bréf, dags. 26. febr. 2008, frá Alþingi, þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til skipulagslaga, laga um mannvirki og laga um brunavarnir. Lagt fram til kynningar.

20. Samningur um smíði á ósontækjabúnaði við rotþró

Löggð fram drög að samningi um smíði á ósontækjabúnaði til að setja við rotþró á Lónsbakka. Samningurinn er milli Hörgárbyggðar og Raf ehf. á Akureyri. Skv. samningnum er markmið með því að setja upp búnaðinn m.a. að hreinsa seyruvatn sem kemur frá rotþrónni skv. kröfum heilbrigðisefirlits, að hreinsibúnaðurinn sé einfaldur í umgengni og að sjálfvirk vöktun sé á rennsli og hreinsun seyruvatnsins. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum f.h. Hörgárbyggðar á grundvelli framlagðra samningsdraga.

21. Fundargerð byggingarnefndar, 17. mars 2008

Fundargerðin er í tíu liðum, engin þeirra varðar Hörgárbyggð. Fundargerðin afgreidd án athugasemda.

22. Fundargerð skólanefndar, 3. mars 2008.

Fundargerðin er í fjórum liðum. Fundargerðin rædd og afgreidd án athugasemda.

Strangari reglur um efnistöku

Eftir 1. júlí 2008 verður efnistaka óheimil án framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar, þó að efnistakan hafi hafist fyrir árið 1999, ef áætlað magn er meira en 50.000 m³ eða ef efnistökusvæðið er stærra en 25.000 m².

Mikilvægt er að þeir sem leyfa efnistöku og/eða standa fyrir henni afli sér nauðsynlegra leyfa í tæka tíð, til að forðast hugsanlegar truflanir.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 16. apríl 2008

Dagskrá fundarins mun birtast á heimasíðu sveitarfélagsins síðdegis 14. apríl og liggja frammi á skrifstofunni frá sama tíma

Næsti söfnunardagur á heyrúlluplasti (baggaplasti)

er 14. apríl 2008

Fróðleiksmoli af heimasíðu Staðardagskrár 21

(www.samband.is/Dagskra21)

Sala á lífrænum vörum í heiminum eykst um 20-25% á ári. Heildarveltan á heimsmarkaði fór vel yfir 2.500 milljarða íslenskra króna á árinu 2007, en árið 2010 er reiknað með að hún verði komin í 4.000 milljarða. Eftirspurn eftir þessum vörum er mun meiri en framboðið, bæði austan hafs og vestan, og bendir flest til að svo verði áfram. Nú eru um 0,65% af öllu landbúnaðarlandi heimsins með lífræna vottun. Þar er um að ræða u.þ.b. 700.000 bæi í 135 löndum. Þess má geta að á Íslandi eru aðeins um 0,3% af landbúnaðarlandinu vottuð.

(Þessi moli er úr "Orðum dagsins" á heimasíðunni 5. mars 2008)